

Föstudaginn 29. apríl 1994.

Nr. 171/1994.

Snorri Ólafsson

(Jón Oddsson hrl.)

gegn

Gylfa Gunnarssyni

(Gísli Baldur Garðarsson hrl.)

Kærumál. Frávísunarúrskurður felldur úr gildi.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Haraldur Henrysson og Pétur Kr. Hafstein og Ingibjörg Benediktsdóttir, settur hæstaréttardómari.

Sóknaraðili skaut málinu til Hæstaréttar með kæru 21. mars 1994, sem barst réttinum með kærumálgögnum 15. þessa mánaðar. Kæruheimild er í j-lið 1. mgr., sbr. c-lið 2. mgr., 143. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Krefst hann þess, að hinn kærði úrskurður verði úr gildi felldur og lagt verði fyrir héraðsdómara að taka málið til efnismeðferðar. Þá krefst hann kærumálskostnaðar.

Varnaraðili hefur ekki látið málið til sín taka fyrir Hæstarétti.

Eins og frá er greint í hinum kærða úrskurði, byggir sóknaraðili málaltilbúnað sinn á því, að umdeild viðskipti hafi verið milli einkafyrirtækis hans, Bakkalax, og einkafyrirtækis varnaraðila, Mánalax, en ekki hlutafélagsins Bakkalax og Mánalax, svo sem á var byggt af hans hálfu í fyrri málarekstri.

Héraðsdómari reisir úrskurð sinn um frávísun málsins ex officio á því, að ekki sé unnt að sjá, á milli hverra viðskiptin áttu sér stað. Sóknaraðili hefur fengið tækifæri til þess að varpa ljósi á þessi viðskipti fyrir sitt leyti með nýjum gögnum, aðilaskýrslu og vitnaleiðslu. Þá hefur hann leitast við að skýra breyttan málaltilbúnað sinn um hlut framangreindra fyrirtækja sinna í viðskiptunum, og fyrir liggur framsal á stefnukröfum málsins frá Bakkalaxi hf. til sóknaraðila persónulega, dags. 23. ágúst 1990. Við svo búið og með hliðsjón af öðrum gögnum málsins eru skilyrði til þess, að héraðsdómari taki efnislega afstöðu til málaltilbúnaðar aðila. Ber því að fella hinn kærða úrskurð úr gildi og leggja fyrir héraðsdómara að taka málið upp að nýju til löglegrar meðferðar.

Kærumálskostnaður verður ekki dæmdur.

D ó m s o r ð:

Hinn kærði úrskurður er úr gildi felldur, og ber héraðsdómara að taka mál þetta upp að nýju til löglegrar meðferðar.

Úrskurður Héraðsdóms Austurlands 3. mars 1994.

Ár 1994, fimmtudaginn 3. mars, er á dómþingi Héraðsdóms Austurlands, sem háð er í dómsalnum að Lyngási 15, Egilsstöðum, af Ólafi Berki Þorvaldssyni héraðsdómara, kveðinn upp úrskurður í málinu nr. E-12/1992: Snorri Ólafsson gegn Gylfa Gunnarssyni.

Málið var þingfest á bæjarþingi Neskaupstaðar þann 14. maí 1992, en dómtekið í Héraðsdómi Austurlands þann 10. febrúar sl.

I. Dómkröfur.

Dómkröfur stefnanda, Snorra Ólafssonar, Stekkholti 10, Selfossi, kt. 290844-4289, eru þær, að stefndi, Gylfi Gunnarsson, Strandgötu 62, Neskaupstað, kt. 270740-2789, verði dæmdur til að greiða stefnanda „skuld að fjárhæð kr. 4.534.301,00 auk [nánar tilgreindra vaxta og málskostnaðar].“

Í greinargerð krafðist stefndi aðallega frávísunar málsins, en til vara sýknu af öllum kröfum stefnanda og að stefnandi yrði dæmdur til að greiða sér málskostnað að viðbættum virðisaukaskatti.

II. Um rekstur málsins.

III. Málavextir.

Stefnandi gerir þannig grein fyrir málavöxtum, að hann hafi höfðað mál á hendur stefnda vegna sama sakarefnis með stefnu, út gefinni 13. júní 1991, og hafi það mál verið þingfest á bæjarþingi Neskaupstaðar 27. júní 1991, en málinu vísað frá með dómi þann 19. nóvember 1991, sem staðfestur hafi verið með dómi Hæstaréttar Íslands þann 7. febrúar 1992.

Helstu atvik málsins kveður stefnandi vera þau, að þann 16. september 1987 hafi orðið samkomulag um að einkafirma stefnda, Mánalax, keypti laxaseiði af einkafirma stefnanda, Bakkalaxi. Stefnandi kveður að á árinu 1987 hafi stefnandi fyrir hönd einkafirma síns, Bakkalax, og stefndi fyrir hönd einkafirma hans, Mánalax, átt í viðskiptum með laxaseiði, sem stefnandi hafi haft í geymslu hjá fiskeldisfélaginu Strönd hf. í Hvalfirði. Stefnandi kveður samkomulag hafa verið gert um að stefndi keypti af honum um það bil 28.000 laxaseiði og allt það magn hefði verið afhent í fyrri hluta

október 1987. Þann 16. september 1987 hafi 8.436 seiði verið afhent stefnda, sem flutt hafi þau til Neskaupstaðar, en um það bil 20.000 seiði hafi verið flutt á vegum stefnda til áframhaldandi eldis í sjókvíum við bæinn Ferstiklu í Hvalfirði í fyrri hluta októbermánaðar. Stefnandi heldur því fram að umsamið kaupverð fyrir seiðin hafi verið krónur 2.000.000,00. Til tryggingar greiðslum hafi stefndi sent stefnanda veðskuldabréf, út gefið til handhafa af stefnda og Ásdísi Hannibalsdóttur f.h. Steypusölunnar hf. Skuldabréfið hafi upphaflega verið að fjárhæð kr. 2.000.000,00 og skyldi greiðast þann 10. janúar 1989. Það skyldi tryggt með lánskjaravísitölu og bera hæstu vexti skuldabréfa Landsbanka Íslands á hverjum tíma frá útgáfudegi. Stefnandi kveðst hafa framselt Landsbankanum á Selfossi skuldabréfið, en þurft að leysa það til sín á ný þann 23. ágúst 1991 þar sem ekkert hafi verið greitt af bréfinu. Innlausnarverð skuldabréfsins sé stefnufjárhæð máls þessa, kr. 4.534.301,00.

Í fram lagðri greinargerð hefur stefndi lýst málavöxtum svo, að hann hafi átt í samningaviðræðum við Bakkalax hf., en ekki stefnanda, um viðskipti og hugsanlegt samstarf um fiskeldi á árinu 1987, nema hvað stefnandi hafi verið fyrirsvarsmaður Bakkalax hf. Stefndi kveður samning aðila aldrei hafa orðið að veruleika og sú skuld, sem stefnt sé út af í máli þessu, því aldrei orðið til. Stefndi heldur því fram að þrír aðilar hafi ætlað að standa sameiginlega að eldi seiða í Hvalfirði, þar sem Bakkalax hf. legði fram seiðin, stefndi legði fram fóður, kvíar og net og Vífill Búason bóndi, Ferstiklu, legði fram vinnu við fóðrun. Sú samvinna hafi þó aldrei komist nema á frumstig, þar sem ís hefði eyðilagt kvíarnar og seiðin ýmist sloppið eða drepist vegna óvenjumikils sjávarkulda. Stefndi mótmælir því sérstaklega að hafa keypt seiði af stefnanda eða veitt þeim viðtöku.

— — —

Niðurstöður.

— — —

Samkvæmt ljósriti af stofnsamningi og ljósriti af stofnfundargerð, sem stefndi hefur lagt fram, var Bakkalax hf. stofnað um sams konar rekstur og einkafirma stefnanda, Bakkalax, hafði stundað, þann 22. desember 1986, en ekki ári síðar eins og stefnandi upphaflega hélt fram í greinargerð. Viðskiptin áttu sér því stað eftir að hlutafélagið Bakkalax var stofnað. Samkvæmt framburði stefnanda fyrir dómi og nefndum gögnum varðandi Bakkalax hf. átti stefnandi 45% hlutafjár í Bakkalaxi hf., kona stefnanda 35% og sonur 10%, en tveir aðrir aðilar 5% hvor. Stefnandi var sjálfur framkvæmdastjóri hlutafélagsins. Fyrirtækið hefur verið tekið til gjaldprotaskipta, en ekki er upplýst hvort þeim skiptum sé lokið. Í málatilbún-

aði stefnanda byggir hann á því, að hann persónulega sem einkaeigandi Bakkalax hafi átt í viðskiptum við stefnda um umrædd seiðakaup og Bakkalax hf. hvergi komið þar nálægt. Hins vegar hefur stefnandi lagt fram í málinu ýmis gögn, sbr. hér að framan, sem leiða frekar líkur að því að Bakkalax hf. hafi átt í viðskiptunum, svo sem áritun á títtnefnt veðskuldabréf, innheimtubréf lögmanns stefnanda, dagsett 24. ágúst 1990, og framsalið frá 23. ágúst 1990 frá Bakkalaxi hf. varðandi kröfuna. Ekki verður þó séð af skriflegri sókn stefnanda og skýrslu fyrir dómi, að stefnandi byggji á þeirri málsástæðu í þessu máli, að Bakkalax hf. hafi átt í viðskiptunum, eins og hann hélt fram í hinu fyrra máli fyrir bæjarþingi Neskaupstaðar vegna sömu lögskipta og jafnvel megi skilja af orðum í stefnu. Gögn málsins og fullyrðingar stefnanda eru því misvísandi um, við hvern stefndi átti viðskipti, og gegn mótmælum stefnda hefur stefnanda ekki heldur með vitnaleiðslum tekist að sýna fram á hvert hafi verið efni samkomulagsins að þessu leyti, þ.e. hverjir hafi verið aðilar samkomulagsins. Þá hefur stefnandi byggt á því að fram lagt veðskuldabréf sé ekki greiðsla, heldur einungis trygging fyrir greiðslum, en stefnandi hefur ekki krafist greiðslu gegn afhendingu þeirrar tryggingar.

Samkvæmt framansögðu er ekki mögulegt að sjá, á milli hverra viðskiptin áttu sér stað. Eins og málatilbúnaður stefnanda er, verður ekki unnt að leggja efnisdóm á málið og ber því að vísa því frá dómi ex officio.

Málskostnaður úrskurðast ekki.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Máli þessu er vísað frá dómi ex officio.

Málskostnaður fellur niður.
